

Hafnarfjarðarbær
b/t Berglind Guðmundsdóttir
Strandgötu 6
220 Hafnarfjörður

	Hafnarfjarðarbær
Innk:	20.3.2020
Málsnr:	1904072/1605159
Bréfal:	512 / 511

Reykjavík 16. mars 2020
UST202002-095/A.B.
10.04.00

Efni: Tillaga – Breyting á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013 – 2025 vegna breytinga á sveitarfélagsmörkum og deiliskipulag fyrir Leiðarenda

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Hafnarfjarðar er barst 11. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar á breytingartillögu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013 – 2025 og vegna nýs deiliskipulags fyrir afþreyingar – og ferðamannasvæði í kringum hellinn Leiðarenda sem er innan Reykjanesfólkvangs.

Í greinargerð kemur fram að breytingin á aðalskipulaginu fellst í því að sveitarfélagsmörk og þar með skipulagsmörk aðalskipulagsins breytast að þann hátt að 2.966 ha svæði verður innan Hafnarfjarðarkaupstaðar, en svæðið var áður innan Grindavíkur. Auk þess er skilgreint 21 ha afþreyingar og ferðamannasvæði.

Einnig kemur fram að viðfangsefni deiliskipulagsins verður m.a. að útfæra bílastæði og þjónustubyggingu með salernum og mögulega aðstöðu fyrir starfsmenn.

Leiðarendi - Forsendur og ferðamenn

Í greinargerð kemur fram að með stígagerð og að hafa starfsmann á skipulagssvæðinu á álagstínum, er hægt að stýra betur umferð ferðamanna og minnka átroðning. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það komi fram í forsendum tillögunnar hver sé áætlaður fjöldi ferðamanna sem mun heimsækja svæðið sem hér er til umfjöllunar. Með þeim forsendum væri hægt að rökstyðja umfang tillögunnar, stærð bílastæðis, þjónustubyggingar og áningarstaða, og umfang göngustíga.

Ásýnd og rask

Par sem svæðið sem tillagan nær til er tiltölulega óraskað með jarðminjum með hátt verndargildi, leggur Umhverfisstofnun það til að rask á svæðinu verði í lágmarki og við framkvæmdir svo sem vegaframkvæmdir, göngustígagerð og uppgröft á húsgrunnum verði gróðurortfur lagðar til hliðar þegar það á við og þeim komið fyrir á yfirborði í lok frágangs til að draga úr neikvæðum áhrifum á gróður. Stofnunin bendir á að greinargóðar leiðbeiningar um frágang raskaðra svæða má finna inni á vefsíðunni www.namur.is.

Fráveita

Umhverfisstofnun bendir á að öll fráveita skal vera skv. reglugerð um fráveitu og skólp nr. 798/1999.

Samráð

Umhverfisstofnun vill benda á að Leiðarendi er í Reykjanefolkvangi sem var friðlýstur sem fólkvangur með auglýsingum nr. 520/1975, en allt jarðrask er bannað innan fólkvangsins nema leyfi Umhverfisstofnunar komi til. Umhverfisstofnun óskar jafnframt eftir því að það sé haft samráð við vinnslu deiliskipulagsins þar sem farið er m.a. yfir legu göngustíga og yfirborðsefna þeirra, staðsetningu á áningarástöðum og þjónustuhúsi.

Virðingarfyllst

Axel Benediktsson
sérfræðingur



Björn Stefánsson
sérfræðingur